

Erindi nr. D 118 / 1073  
 komudagur 8 / 2 1995

4

12. Erindi lögð fram frá fulltrúum.

Sigurður Jónsson ofl. lögðu fram tvær tillögur um málefni Sjúkrahúss Suðurlands og var þeim báðum vísað til heilbrigðisnefndar.

Drífa Hjartardóttir lagði fram tillögu varðandi MENSA og var henni vísað til fjárhagsnefndar.

Árni Jón Eliasson lagði fram tillögu um samgöngumál og var henni vísað til allsherjarnefndar.

Böðvar Pálsson lagði fram tillögu til hreppsnefnd Grímsneshrepps um sumarbústaðamál og var henni vísað til allsherjarnefndar.

Kl. 15.45 var fundi frestað til 13.08. og fulltrúar gengu til nefndarstarfa.

13.08.94.

Fundi fram haldið kl. 10.10.

13. Nefndarálit - sjá prentaðar skýrslur nefnda.

13-1 Alvinnumálanefnd:

Óli Már Aronsson mælti fyrir álitinu -  
 vísað er til prentaðrar skýrslu þar sem svarað er  
 spurningum sem fram komu í skýrslu formanns á aðalfundi  
 sjóðsins.

Fundurinn samþykkti álitargerðina í heild sinni.

Fundurinn samþykkti ályktun nefndarinnar um starf  
 ferðamálafulltrúa.

Til máls tók Böðvar Pálsson og lagði til að við síðustu  
 málsgrein, undir liðnum önnur mál, bættist "og ríkisstjórn"  
 aftan við "þingmenn Suðurlands"

Fundurinn samþykkti breytinguna og samþykkti síðan allar  
 ályktanir undir liðnum "önnur mál."

13-2 Grunnskólanefnd.

Magnús Karel Hannesson mælti fyrir álitinu.

Loftur Þorsteinsson tók til máls.

Kjartan Ágústsson tók til máls, báðir töldu að nmræddir 5  
 miðjarðar dygðu ekki fyrir sveitarfélögin til að reka  
 grunnskólana og lýstu sig fremur andvíga yfirfærslunni.

Kjartan flutti breytingartillögu: Í fyrstu málsgrein í stað  
 "styður" kæmi "sætti sig við."

Breytingartillagan féll. 10 atkvæði með. 15 á móti.

Fundurinn samþykkti upphaflegar ályktanir nefndarinnar  
 samhljóða.

## GRUNNSKÓLANEFND

Aðalfundur SASS 1994 ~~styður þau áform að tlytja allar rekstur grunnskólans til sveitarfélögunum, en leggur áherslu á, að við yfirfærsluna verði sveitarfélögunum tryggðar tekjur til þess að sinna þessu mikilvæga verkefni. Þá þarf að ganga frá samningum og réttindamálum starfsmanna grunnskólans áður en yfirfærslan á sér stað.~~

Jafnframt hvetur aðalfundurinn sveitarstjórnir á Suðurlandi til aukinnar samvinnu um skólamál með það að mærkmiði að nemendur og starfsfólk skólanna njóti samþættilgra kjara og menntunarskilyrða á öllu svæðinu þegar yfirfærslan verður að veruleika.

Aðalfundurinn felur stjórn SASS að móta tillökur að samstarfi sveitarfélögunna og verkswiði fræðsluráðs vegna væntanlegrar yfirtöku grunnskólans. Ariðandi er að stjórnin hafi að leiðarljósi niðurstöður grunnskólanefndar Sambands Isl. sveitarfélöga og menntamálaráðuneytisins, sem skila mun álitu á landsþingi sambandsins. Stuttur tími er til stefnu og því verður að hraða vinnu við þetta verkefni.

Aðalfundur SASS 1994 ~~þakka starf Menningarsamtaka Suðurlands MENSA á undanförunum árum og hvetur sveitarfélögin til þess að styðja myndarlega við starfsemi samtakanna.~~